

5. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

5. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 27. ágúst 2018 kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Nefndin mætti: Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson, ásamt fjárreigendum og fjallmönnum.

Aðaldagskrá fundarins var komandi fjallferð.

Dagskrá fundarins:

1. Raðað í leitir:

- a. Farið var yfir nöfn fjallmanna og óskir þeirra um leitir. Þeir sem sóttu um suðurleit, norðurleit eða eftirsafn fá það sem þeir sóttu um. Allar leitir eru fullmannaðar. Tveir fjórhjólamenn verða í suðurleit og tveir í eftirsafni.
- b. Laggt af stað frá Tungufellsdal klukkan 10:00 laugardaginn 8. september.
 - i. Það þarf að láta vita með c.a. tveggja daga fyrirvara hvort að menn ætla að nýta sér hagabeit fyrir hrossin í Tungufellsdal

2. Matarmál

- a. Hafragrautur í morgunmat eins og hefur verið.
- b. Heitur matur á kvöldin.
- c. Fjallmenn smyrji sér nesti (samlokur og flatkökur) fyrir daginn af morgunverðarborði
- d. Einnig verður boðið upp á safu/kókómjólk og súkkulaðistykki í nesti.

3. Vestismál:

- a. Fjáreigendur skaffi vesti á sína fjallmenn. Gerðum samning við KH – vinnuföt. Það þarf að taka fram að viðkomandi sé úr Hrunamannahreppi þá fær hann afslátt. Fín vesti í nokkrum verðflokkum, m.a. hægt að fá með renndum vösum undir 2000kr stykkið. Einnig er hægt að láta merkja vestin með t.d. bæjarnafni.

4. Skilaréttir:

- a. Skilamenn í réttum eru eftirfarandi:
 - i. Reykjaréttir: Haraldur og Jóhanna Hrafnkelsstöðum
 - ii. Tungnaréttir: Styrmir á Þórarinsstöðum
 - iii. Skaftholtsréttir: Siggí í Gróf.
- b. Mikilvægt að skilamenn láti fjáreigendur vita ef að þeir eigi fé í öðrum réttum.

5. Breyting á eftirsafni:

- a. Fækka dögum og bæta við smölum.

- b. Þorsteini Loftssyni, kóngi í eftirsafni falið það verkefni í samráði við Landbúnaðarnefndina.

6. Vinnuferð á afréttinn:

- a. Farið var í vinnuferð á afréttinn þriðjudaginn 21. ágúst sl. Farið var af stað frá búðinni klukkan 10. Þeir sem mættu voru Benedikt, Björgvin, Steinunn Lilja, Eiríkur og Unnsteinn.
- b. Egill Jóhannsson er búinn að gera við Sandártungugerðið.
- c. Búið er að finna lausnir á vatnsmálum í gerðum á afréttinum.

7. Önnur mál:

- a. Heiðarsmalamennskur verða 22.september klukkan 09.00.
- b. Jón Bjarnason, nýskipaður fjallkóngur sagði nokkur orð. Smalamennskur verða með sama sniði og hefur verið síðustu ár.
- c. Dreifibréf verður sent út með leitum og öðrum hagnýtum upplýsingum.

8. Umræður:

- a. Fráfarandi fjallkóngi, Steinari Halldórssyni þakkað fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið klukkan 20:56